

## Saga 2

Úlli er úti að vaða.

Hann veður í pollum.

Hann lætur báta sigla.

Það finnst honum gaman.

Pollarnir eru djúpir,  
og allt er rennandi blautt.

Nú rekur Úlli tærnar í  
og dettur á rassinn.

O-ho, þarna situr hann  
og vatnið nær honum  
upp undir hendur.

Hann rís nú upp  
og vatnið lekur úr honum.  
Hann veður ekki meira í dag.